

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 952/2002, um framhaldsnám við heimspekideild Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Í stað einingafjöldans „20e“ í 1. másl. 1. mgr. 10. gr. reglnanna kemur: 15e.

#### 2. gr.

Reglur þessar sem hlotið hafa staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 25. febrúar 2004.*

**Páll Skúlason.**

*Pórður Kristinsson.*

4. mars 2004

Nr. 254

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 264/1971 um raforkuvirki, með áorðnum breytingum.

#### 1. gr.

Við gr. 1.4.1. *Ábyrgðarmaður raforkuvirkja rafveitna* bætist við eftirfarandi:

(3) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraums-sviði) frá Tækniskóla Íslands eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja, eða

(4) hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi rafiðna (sterkstraums-sviði) frá viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja.

Ef rafveitan framleiðir og/eða dreifir einungis lágspenntri raforku skal ábyrgðarmaður hennar hafa tveggja ára reynslu að loknu námi/sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja.

#### 2. gr.

Eftirfarandi setning í gr. 1.5.2, *Sá sem ábyrgðarmaður gerir að fulltrúa sínum skal a.m.k. uppfylla ákvæði gr. 1.4.7 eða 1.4.9.1*, fellur burtu og í hennar stað kemur eftirfarandi: *Sá sem ábyrgðarmaður gerir að fulltrúa sínum skal a.m.k. uppfylla ákvæði gr. 1.4.7 - 1.4.9, eftir því sem við á.*